



423. Stjórnarfundur haldinn 9. jan. 2014 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson, (ÞMK)
Birgir Ingibergsson (BI), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Sveinn Adolfsson.
Sigurvin Guðfinnsson og Guðjón Axelsson fjarverandi.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá formanni knattspyrnudeildar v/afnota af kjallara Hringbrautar 108 fyrir áhöld sem til heyra íþróttavellinum á Hringbraut. ***Samþykkt og framkvæmdastjóra falið málið.***

3. Send bréf.

Bréf sent í tölvupósti á stjórnir deilda Keflavíkur, bæjarstjórn, íþróttaráð, forstöðumenn íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar og Víkurfréttir v/ íþróttakarls- og konu Keflavíkur 2014.

Bréf sent á LÍ bt: Gunnlaugur Kárason v/ heimildar á framlengingu yfirdráttar í LÍ mfl.kvenna knattspyrnu til 15.desember 2014.

4. Íþróttamenn Keflavíkur.

Aðalstjórn bauð til samsætis 30.desember þar sem íþróttakarls- og kona Keflavíkur voru útnefnd, en þau eru Ástrós Brynjarsdóttir og Kristmundur Gíslason bæði úr taekwondódeild, einnig voru útnefnd Íþróttakarls- og kona hverrar deildar.

5. Aðalfundir deilda og félagsins.

EH sagði frá því að búið væri að senda drög af aðalfundartímum á stjórnarmenn deild í tölvupósti. Ein ósk um breytingu kom frá badmintondeild. ***Framkvæmdastjóri sér svo um að auglýsa aðalfundi deilda á heimasíðu félagsins.***

6. Önnur mál.

Uppgjör á samkomulagi sem gert var við KSK v/ öflunar á félagsmönnum lá frammi, en tvöhundruð sextíu og fimm skráðu sig undir merkjum Keflavíkur.

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að kaupa skanna á skrifstofu aðalstjórnar.

Framkvæmdastjóri verður frá vinnu 28. janúar til 4.febrúar.

Næsti fundur er á fimmtudaginn 23. janúar 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði BI

